

Fundur haldinn í stjórn Félagsheimilisins á Klifi Ólafsvík miðvikudaginn 20.01. 2016, kl. 12.00 í Félagsheimilinu á Klifi Ólafsvík.

Mættir: Björn Arnaldsson formaður,
Jóhannes Ólafsson,
Jenny Guðmundsdóttir,
Unnur Emanúelsdóttir húsvörður.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð stjórnarfundar dags. 03.11. 2014. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
2. Bréf frá bæjarritara dags. 11.11. 2014, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð stjórnar dags. 03.11. 2014. Lagt fram til kynningar.
3. Bréf frá bæjarritara dags. 05.03. 2015, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á erindisbréfi fyrir stjórn Félagsheimilisins dags. 05.02. 2015. Stjórnin gerir ekki athugasemdir við erindisbréfið. Lagt fram til kynningar.
4. Formaður kynnti reglur dags. 07.02. 2013, um niðurfellingu á húsaleigu í Félagsheimilum Snæfellsbæjar, Klifi Ólafsvík og Röst á Hellissandi. Lagt fram til kynningar.
5. Tölvupóstur frá bæjarritara dags. 11.11. 2015, varðandi píanó sem er í Félagsheimilinu. Fram kemur í tölvupóstinum að skólastjóri Tónlistarskóla Snæfellsbæjar hafi óskað eftir því við bæjarritara, að fá píanóið til notkunar í Tónlistarskólanum. Samþykkt samhljóða að lána tónlistarskólanum píanóið um óákveðinn tíma.
6. Formaður fór yfir þær viðgerðir á hljóðkerfi Félagsheimilisins sem unnið var að á s.l. ári, en í ljós kom að kerfið var vægast sagt í mjög slæmu ástandi. Var þetta fyrri hluti af viðgerðum og endurbótum á því. Þá kom fram hjá formanni að hann hafi þann 18.05. s.l. óskað eftir styrk til verksins hjá þorrablótsnefndinni í Ólafsvík árið 2015, en ekkert svar hefur borist þaðan. Rætt var um hvaða fyrirkomulag hentaði best á vinnu við umsjón með ljós og hljóðkerfum Félagsheimilisins. Samþykkt samhljóða að leggja til að ráðnir verði 3 aðilar til þess að sjá um þessi mál þegar á þarf að halda, en að 1 vinni í hvert skipti og að þessi vinna verði á ábyrgð húsvarðar.
7. Viðhaldsmál Félagsheimilisins. Þar sem nauðsynlegt er að gera áætlun og kostnaðarmat á viðhaldi hússins var samþykkt samhljóða að óska eftir því við Davíð Viðarsson forstöðumann tæknideildar Snæfellsbæjar, að hann komi á næsta fund stjórnarinnar og fari yfir þessi verkefni með henni. Í framhaldi af því verði gerð áætlun til 3 ára um úrbætur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.10

Björn Arnaldsson formaður,
Jóhannes Ólafsson,
Jenny Guðmundsdóttir,
Unnur Emanúelsdóttir húsvörður